



Lagt fram í Héraðsdómi  
Reykjavíkur 27/3 2012

26

Héraðsdómur Reykjavíkur  
Dómhúsinu við Lækjartorg  
150 Reykjavík

27. mars 2012

## I.

### Krafa um heimild til haldlagningar gagna

Krafist er úrskurðar Héraðsdóms Reykjavíkur, þar sem lagt verði fyrir þekkingu – Tristan hf., kt: 411199-2749, annars vegar að Urðarhvarfi 6, Kópavogi, og hins vegar að Hafnarstræti 93-95, Akureyri, að afhenda Seðlabanka Íslands samkvæmt 15. gr. e. laga nr. 87/1992, um gjaldeyrismál, sbr. ákvæði 68. gr., 70. gr., 74. gr. og 1. mgr. 75. gr. laga nr. 88/2008, um meðferð sakamála, til haldlagningar og afrita öll gögn af sameiginlegum svæðum Samherja hf., kt: 610297-3079, og tengdra félaga, heimasvæðum, bókhaldskerfi SAP og öllum tölvupósti, ásamt viðhengjum, sem sendur hefur verið til eða frá netföngum starfsmanna Samherja hf., kt: 610297-3079, sem starfsmenn félagsins áttu og/eða notuðu, á tímabilinu frá og með dags. 1. mars 2008 til og með 27. mars 2012.

Þá er þess einnig krafist að þekking – Tristan hf. verði gert að afhenda öll gögn sem tengjast umræddum heimasvæðum, bókhaldskerfi SAP, sameiginlegum svæðum og netföngum á áðurnefndu tímabili og geymd eru á öryggisafritum þekkingar – Tristan hf., kt: 411199-2749.

Seðlabanki Íslands hefur upplýsingar um að umrædd heimasvæði, bókhaldskerfi SAP, sameiginleg svæði og netföng séu þjónustuð af þekkingu - Tristan hf., kt: 411199-2749.

Krafa þessi nær til Samherja hf., kt: 610297-3079, ásamt eftirfarandi tengdum félögum:

- Eignarhaldsfélagið Steinn ehf. Glerárgötu 30, Akureyri, kt: 550807-0410
- Ice Fresh Seafood ehf. Glerárgötu 30, Akureyri, kt: 700107-1590
- Íslandsbleikja ehf. Glerárgötu 30, Akureyri, kt: 610406-1060
- Íslandslax hf. Glerárgötu 30, Akureyri, kt: 430894-2349
- Kaldbakur ehf. Glerárgötu 30, Akureyri, kt: 440400-4340
- Krossanes ehf. Glerárgötu 30, Akureyri, kt: 520399-2919
- LNS ehf. Glerárgötu 30, Akureyri, kt: 480808-1180
- Silfurstjarnan ehf. Glerárgötu 30, Akureyri, kt: 610788-1579
- Snæfell ehf. Glerárgötu 30, Akureyri, kt: 580701-2050 (áður Sæblíkinn ehf., kt: 580701-2050)
- Útgerðarfélag Akureyringa ehf. Glerárgötu 30, Akureyri, kt: 500209-0620

## SEÐLABANKI ÍSLANDS

**N.Hansen ehf.** Glerárgötu 30, Akureyri, kt: 681206-1670  
**Oddeyri ehf.** Glerárgötu 30, Akureyri, kt: 650703-2350  
**Sigurafi ehf.** Glerárgötu 30, Akureyri, kt: 500807-0590  
**Reykfiskur ehf.** Glerárgötu 30, Akureyri, kt: 580609-0310  
**Samherji Ísland ehf.** Glerárgötu 30, Akureyri, kt: 4400400-4340  
**Axel ehf.** Kringlunni 7, Reykjavík, kt: 620507-2370 (áður **Katla Seafood ehf.**, kt: 620507-2370)  
**Mercury Seafood ehf.**, kt: 561007-1520, var áður til heimilis að Kringlunni 7, Reykjavík.  
**Icefresh GmbH.**, Bei der Alten Liebe 5, 27472 Cuxhaven. Þýskalandi.  
**Seagold Ltd.**, The Orangery, Hesslewood Country Office Park, Ferriby Road, Hull, E Yorks, HU13 0LH, Bretlandi.  
**Deutsche Fischfang Union GmbH**, kt: 601201-9090, Bei der Alten Liebe 5, Cuxhaven, Þýskaland  
**Katla Seafood Ltd.** kt: 410212-9510, 284 Arch, Makarios III Avenue, Fortuna court, Lamassol 3105, Cyprus.  
**Katla Seafood Canarias**, company no. 5338149, C/L, Muelle Grande s/n 35008, Las Palmas de Grand Canaria, Las Palmas, Spain.  
**Katla Shipping Ltd.**, company no. 1621165, 284 Arch. Makarios III Avenue, Fortuna court, Lamassol 3105, Cyprus.  
**Onward Fishing Company Ltd.**, kt. 420399-9449, Orangery Hesslewood Country Business Park, Ferriby Road Hessle, East Yorkshire HU130LH, United Kingdom.  
**Fidelity Bond Investment Ltd.** kt: 500209-9920, Las Palmas de Grand Canaria.  
**Polaris Seafood ehf.**, kt: 551007-1030, Kringlunni 7, Reykjavík  
**Katla Consulting Ltd.**, company no. 07934127, 14-30 City Business Centre Hyde Street, Winchester, England SO23 7TA  
**Katla Trading (UK) Limited**, company no. 05346852, 35 Ballards Lane, London, N3 1xw.  
**Stocznia Gdynia S.A.**, ul. Czechoslowacka 3, 81-963 GDYNIA, Poland. Company no. 0000060409.

Í samræmi við ákvæði 1. mgr. 103. gr. laga nr. 88/2008, um meðferð sakamála, er þess krafist að þessi beiðni um heimild til haldlagningar sæti málsmeðferð fyrir dómi án þess að þeir er hún beinist að verði kvaddir á dómþing, sbr. 1. mgr. 104. gr. sömu laga.

## II.

### Greinargerð Seðlabanka Íslands

#### I.

Seðlabanki Íslands hefur nú meðal annars Samherja hf., kt: 610297-3079, og tengd félög til rannsóknar vegna ætlaðra brota þeirra á lögum nr. 87/1992, um gjaldeyrismál, og reglum

settum á grundvelli þeirra. Rannsóknin miðar einkum að því að upplýsa um hvort verð afurða Samherja hf. við útflutning til tengdra aðila sé í samræmi við það sem almennt tíðkast í viðskiptum óskyldra aðila, en slíkt er áskilið samkvæmt 2. mgr. bráðabirgðaákvæðis II í lögum nr. 87/1992, um gjaldeyrismál, með síðari breytingum. Gögn gefa til kynna að verð afurða sé miðað við uppgjörsverð til áhafnar samkvæmt kjarasamningi að viðbættum áætluðum flutningskostnaði. Hefur Seðlabanki Íslands aflað gagna sem styðja grun um að verð sem þannig er reiknað út sé talsvert lægra en meðalverð í viðskiptum óskyldra aðila.

Jafnframt tengist meint framangreind háttsemi einnig hugsanlegu broti á skilaskyldu erlends gjaldeyris, sbr. 13. gr. 1. laga nr. 87/1992, um gjaldeyrismál, en til að upplýsa um slíkt er nauðsynlegt að afla gagna um tengd félög Samherja hf., jafnt erlend sem innlend, en grunur leikur á um að erlend félög séu í raun starfrækt frá Íslandi og þar með teljast þau innlendir aðilar í skilningi laga nr. 87/1992, um gjaldeyrismál.

Seðlabanki Íslands hefur aflað fjölda gagna sem styðja grun um framangreind brot, má þar nefna bréfiaskrif Samherja hf. og Verðlagsstofu skiptaverðs, tollskýrslur og upplýsingar um söluverð karfa/gullkarfa á ákveðnu tímabili til skyldra aðila. Einnig var aflað upplýsinga frá Creditinfo og Companies House.

Í 2. gr. laga nr. 87/1992, um gjaldeyrismál, kemur fram að gjaldeyrisviðskipti vegna inn- og útflutnings vöru og þjónustu skulu vera óheft, svo og fjármagnshreyfingar og gjaldeyrisviðskipti vegna þeirra, nema annað sé ákveðið í lögum. Í 1. mgr. bráðabirgðaákvæðis II laganna segir: „Þrátt fyrir ákvæði 2. gr. skulu greiðslur vegna útflutnings vöru og þjónustu fram til [31. desember 2013] fara fram í erlendum gjaldmiðli.“ Jafnframt kemur fram í 2. mgr. sama ákvæðis að fari útflutningsviðskipti fram á milli tengdra aðila skulu þau gerð á grundvelli almennra kjara og venju í viðskiptum óskyldra aðila. Þá segir í 4. mgr. ákvæðisins að brot gegn ákvæðinu varði stjórnvaldssektum og refsingu skv. 15. gr. a – d, 16. gr., 16. gr. a og 16. gr. b.

Í 13. gr. 1. laga nr. 87/1992, um gjaldeyrismál, segir: „Öllum erlendum gjaldeyri sem innlendir aðilar eignast, svo sem fyrir seldar vörur og þjónustu, eða með öðrum hætti, skal skilað til fjármálafyrirtækis hér á landi innan þriggja vikna frá því að gjaldeyriinn komst eða gat komist í umráð eiganda eða umboðsmanns hans. Skilaskylda skv. 1. málsl. er uppfyllt þegar erlendur gjaldeyri er varðveittur á gjaldeyrisreikningi hjá fjármálafyrirtæki hér á landi.“ Í 2. mgr. ákvæðisins segir: „Skilaskylda nær ekki til innlendra aðila sem hafa búsetu erlendis vegna starfs eða náms.“

Allt frá því að Seðlabanki Íslands gaf út fyrstu reglur um gjaldeyrismál, sbr. reglur nr. 1082/2008, sbr. lög nr. 134/2008, þann 28. nóvember 2008, hefur verið kveðið á um skyldu innlendra aðila til að skila öllum erlendum gjaldeyri sem þeir hafa eignast, svo sem fyrir seldar vörur og þjónustu, eða með öðrum hætti, til fjármálafyrirtækis hér á landi. Með lögum nr. 127/2011, um breytingu á lögum um gjaldeyrismál, tollalögum og lögum um Seðlabanka Íslands, voru áður útgefnar reglur Seðlabanka Íslands, um gjaldeyrismál, settar á grundvelli bráðabirgðaákvæðis I í lögum nr. 87/1992, um gjaldeyrismál, lögfestar. Rétt er að taka fram að í framangreindum lögum nr. 127/2011 var gerð sú breyting að skilaskylda innlendra aðila á erlendum gjaldeyri var lengd úr tveimur vikum í þrjár vikur frá því að gjaldeyriinn komst eða

gat komist í umráð eiganda eða umboðsmanns hans, sbr. 3. gr. laganna. Meint brot þeirra aðila sem hútleitarheimildin beinist að gæti því einnig varðað við ákvæði 8. gr. reglna nr. 1082/2008, sbr. 9. gr. reglna nr. 1130/2008, 12. gr. reglna nr. 880/2009 og 12. gr. reglna nr. 370/2010, um gjaldeyrismál.

Framangreind meint brot geta valdið sektum eða fangelsi allt að tveimur árum, liggi þyngri refsing ekki við broti samkvæmt öðrum lögum, sbr. 16. gr. laga nr. 87/1992, um gjaldeyrismál, en í 16. gr. laganna segir:

„Það varðar sektum eða fangelsi allt að tveimur árum, liggi þyngri refsing ekki við broti samkvæmt öðrum lögum, að brjóta gegn:

1. [...]
2. [...]
3. [...]
4. 13. gr. a – 13. gr. n. um bann við fjármagnshreyfingum og gjaldeyrisviðskiptum.
5. [...]

Brot gegn lögum nr. 87/1992, um gjaldeyrismál, og reglum settum á grundvelli þeirra er varða sektum eða fangelsi varða refsingu hvort sem þau eru framin af ásetningi eða gáleysi, sbr. 1. mgr. 16. gr. a. laga um gjaldeyrismál. Þá segir í 3. mgr. sömu greinar: „Tilraun til brots eða hlutdeild í brotum samkvæmt lögum þessum og reglum settum á grundvelli þeirra er refsiverð eftir því sem segir í almennum hegningarlögum.“

## 2.

### *Aðilar sem krafan beinist gegn: tengsl aðila*

Samherji hf., kt. 610297-3079, er útgerðarfyrtæki sem stundar lískveiðar, landvinnslu, fiskeldi sem og sölu og útflutning sjávarafurða. Ice Fresh Seafood ehf., kt. 700107-1590, er umboðsverslun með lísk og lískafurðir.

Samkvæmt upplýsingum frá Creditinfo Ísland er framkvæmdastjóri og prókúruhálf Samherja hf. Þorsteinn Már Baldvinsson. Þorsteinn Már Baldvinsson er jafnframt eigandi 32% hlutfjár í félaginu í gegnum félagið Eignarhaldsfélagið Steinn ehf., kt. 550807-0410. Ice Fresh Seafood ehf. er að öllu leyti í eigu Samherja hf., með heimilisfesti að Glerárgötu 30, Akureyri og stjórnarmaður er Þorsteinn Már Baldvinsson. Þorsteinn Már situr einnig í stjórn eftirfarandi félaga sem öll hafa heimilisfesti að Glerárgötu 30, Akureyri; Íslandsbleikju ehf., Íslandslax hf., Kaldbaks ehf., Krossaness ehf., LNS ehf., Oddeyrar ehf., Silfurstjórnunnar ehf., Snæfells ehf. og Útgerðarfélags Akureyringa ehf.

Kristján V. Vilhelmsson er stjórnarmaður Samherja hf. og eigandi 32,5% hlutfjár í félaginu í eigin nafni. Kristján situr einnig í stjórn eftirfarandi félaga með heimilisfesti að Glerárgötu 30, Akureyri; Kaldbaks ehf., Krossaness ehf., N. Hansen ehf., Oddeyrar ehf., Siguralls ehf., Snæfells ehf. og Útgerðarfélags Akureyringa ehf.

Sigursteinn Ingvarsson er fjármálastjóri Samherja hf. og prókúruhafi þess. Sigursteinn er auk þess stjórnarmaður í nokkrum fyrirtækjum sem ýmist hafa heimilisfesti að Glerárgötu 30, Akureyri eða Kringlunni 7, Reykjavík. Fyrirtækin sem um ræðir eru; Ice Fresh Seafood ehf., Axel ehf., Krossanes ehf., Polaris Seafood ehf., Reykfiskur ehf., og Silfurstjarnan ehf. Sigursteinn Ingvarsson er framkvæmdastjóri Eignarhaldsfélagsins Steinn ehf., LNS ehf. og Samherja Íslands ehf.

Fjárfestingafélagið Fjörður ehf. fer með 10,7% hlut í Samherja hf. Stjórnarmenn félagsins eru Kristján V. Vilhelmsson, Þorsteinn Már Baldvinsson og Sigursteinn Ingvarsson en auk þeirra situr Finnboji A. Baldvinsson, búsettur í Þýskalandi og bróðir Þorsteins Má, í stjórn félagsins. Heimilisfesti Fjárfestingafélagsins Fjarðar er að Barðstúni 7, Akureyri, sem er jafnframt lögheimili Þorsteins Má.

Samkvæmt ársreikningi Samherja hf. fyrir árið 2009 á félagið alls 17 dótturfélög. Þau eru m.a. eftirfarandi; IceFresh GmbH, Þýskalandi, Íslandslax hf., Kaldbakur ehf., Katla Seafood ehf., Krossanes ehf., Mercury Seafood ehf., Oddeyri ehf., Polaris Seafood ehf., Reykfiskur ehf., Seagold Ltd., Bretlandi, Sæblikinn ehf. og Snæfell ehf.

Þess má geta að samkvæmt upplýsingum frá Creditinfo Ísland er framkvæmdastjóri Ice Fresh Seafood ehf. Gústaf Baldvinsson, búsettur í Bretlandi. Gústaf Baldvinsson er annar prókúruhafi félagsins. Samkvæmt upplýsingum frá Companies House, bresku fyrirtækjaskránni, er Gústaf Baldvinsson stjórnarmaður Seagold Ltd. sem og Þorsteinn Már Baldvinsson.

Seðlabanki Íslands telur, með vísan til samangreinds og þeirra gagna sem liggja til grundvallar, að þeir aðilar sem til rannsóknar eru séu verulega tengdir og telur Seðlabankinn að þær upplýsingar og gögn, sem nauðsynleg eru til frekari rannsókna umræddra ætlaðra brota, sé að finna á skrifstofu aðilanna.

### 3.

*Meint brot á lögum nr. 87/1992, um gjaldeyrismál, og reglum settum á grundvelli þeirra, sem leiða til gruns um brot*

Samkvæmt útflutningsskýrslum sem Seðlabankinn fær afhentar frá Tollstjóra, hafa fyrirtækin Samherji hf. og Ice Fresh Seafood ehf. samtals flutt út vörur fyrir tæpa 72 milljarða frá október 2008 til þess dags, er beiðni þessi er rituð. Þetta svarar til 3,8% af öllum útflutningi á tímabilinu og 10,6% af öllum fiskútflutningi á tímabilinu.

Í samræmi við bráðabirgðaákvæði II í lögum nr. 87/1992, um gjaldeyrismál skulu útflutningsviðskipti milli tengdra aðila fara fram á grundvelli almennra kjara og venju í viðskiptum óskyldra aðila. Þessu ákvæði er ætlað að tryggja að útflutningsaðilar selji ekki á undirverði til skyldra aðila og skili þannig aðeins hluta af raunverulegu söluandvirði til landsins eins og kveðið er á um í 13. gr. l. sömu laga.

Ef fyrrgreindar útflutningsskýrslur eru skoðaðar kemur fram að Samherji hf. og Ice Fresh Seafood ehf. selja vörur til tengdra aðila fyrir upphæð sem nemur 25,4% af heildarupphæð útflutnings fyrirtækjanna. Er þar um að ræða sölu til annars vegar Seagold Ltd., dótturfélags Samherja í Englandi og hins vegar Icefresh GmbH., dótturfélags Samherja í Þýskalandi.

Þann 20. febrúar 2012 barst Seðlabankanum ábending um að verð, sem Samherji hf. gafði upp á útflutningsskýrslum sjávarafurða sem seldar væri til tengdra aðila, væri annað og lægra en eðlilegt væri í viðskiptum óskyldra aðila. Sú ábending fólst meðal annars í bréfi, dagsettu 28. ágúst 2011, til Verðlagsstofu skiptaverðs sem Unnar Jónsson undirritar fyrir hönd Samherja hf. Þar segir orðrétt:

„Samherji hefur því gert útflutningsreikning, stílaðan á dótturfélag sitt í Cuxhaven, með verði sem samanstendur af uppgjörsverði til áhafnar ásamt flutningskostnaði og öðrum kostnaði sem til fellur við að flytja fiskinn á ákvörðunarstað erlendis.“

Uppgjörsverð til áhafnar í þeim tilvikum þegar útgerð selur afla til tengdra aðila er samningsatriði milli útgerðarinnar og áhafnar skips. Eflir samtöl við aðila sem þekkja til telur Seðlabankinn að verðið í þessum samningum endurspegli ekki eðlilegt verð. Á þeim grundvelli var verð á ákveðnum alla skoðað yfir þriggja mánaða tímabil.

Kannað var verð á útfluttum heilum karfa fyrir október, nóvember og desember 2011. Skoðað var bæði verð Samherja hf. til tengdra aðila og verð annarra aðila til sinna viðskiptavina. Í október 2011 var meðalverð Samherja hf. til tengdra aðila 1,65 evra á kíló en verð annarra aðila 2,76 evrur á kíló. Þannig er almennt verð í október 2011 68% hærra en verð Samherja hf. til tengdra aðila. Í nóvember 2011 var meðalverð Samherja hf. til tengdra aðila 1,62 evra á kíló en verð annarra aðila 2,08 evra á kíló. Þannig er almennt verð í nóvember 2011 28% hærra en verð Samherja hf. til tengdra aðila. Í desember 2011 var meðalverð Samherja hf. til tengdra aðila 1,79 evra á kíló en verð annarra aðila 3,10 evra á kíló. Þannig er almennt verð í desember 2011 73% hærra en verð Samherja hf. til tengdra aðila.

Auk fyrrgreindrar ábendingar um verðákvörðanir milli tengdra aðila og verulegan mun sem athugun Seðlabankans á verðlagningu Samherja hf. til dótturfyrirtækja leiddi í ljós, bendir fleira til þess að Samherji hf. og eflir atvikum dótturfélög hans hafi gerst brotleg við lög nr. 87/1992, um gjaldeyrismál. Á árunum 2010 og 2011 gerði Seðlabankinn almenna athugun á skilaskyldu útflutningsfyrirtækja, þeirra á meðal Samherja hf. Var þá meðal annars byggt á gögnum úr útflutningsskýrslum, greiðslukerfi erlendra greiðslna (SWIFT) og gögnum frá fyrirtækjunum sjálfum. Niðurstöður þeirrar athugunar voru í byrjun árs 2012 bornar undir sérfræðing í endurskoðun hjá Deloitte og bárust ábendingar hans Seðlabankanum í byrjun mars 2012. Þar koma fram ábendingar um að nauðsynlegt sé að afla frekari gagna, meðal annars hvernig sala móðurfélagsins skiptist milli viðskiptamanna, hvort móðurfélag eða dótturfélög selji þann erlenda gjaldeyri sem berst til landsins vegna útflutnings, hver umboðslaum til erlendra dótturfélaga séu og hvort þau séu í takt við það sem tíðkast, auk fleiri ábendinga. Frumniðurstöður úr þessari athugun benda til nokkurs ósamræmis í skilum

Samherja hf. á erlendum gjaldeyri og er þá bæði um að ræða að erlendum gjaldeyri hafi verið skilað utan tilskilins tímafrests og að honum hafi alls ekki verið skilað.


Að mati Seðlabanka Íslands er óumflýjanlegt að rannsaka ítarlega hversu umfangsmikil meint brot eru. Jafnframt leikur grunur á um annars vegar að raunveruleg framkvæmdastjórn hinna erlendu félaga, Icefresh GmbH. og Seagold Ltd., sé á Íslandi og hins vegar að þau félög, sem beiðni þessi lýtur að, séu starfrækt sem ein heild.


### III. Lagarök

Samkvæmt 4. mgr. 15. gr. e. laga nr. 87/1992, um gjaldeyrismál, er Seðlabanka Íslands heimilt að gera sérstakar athuganir og leggja hald á gögn í samræmi við ákvæði laga um meðferð sakamála, enda séu ríkar ástæður til að ætla að einstaklingar og lögaðilar hafi brotið gegn lögunum eða reglum settum á grundvelli þeirra eða ástæða er til að ætla að athuganir eða aðgerðir Seðlabankans nái að öðrum kosti ekki tilætluðum árangri. Ákvæðum laga nr. 88/2008, um meðferð sakamála, skal beitt við framkvæmd slíkra aðgerða.

Krafa þessi er því sett fram með vísan í 4. mgr. 15. gr. e. laga nr. 87/1992, um gjaldeyrismál, sbr. ákvæði 68. gr., 70. gr., 74. gr. og 1. mgr. 75. gr. laga nr. 88/2008, um meðferð sakamála, sbr. einnig ákvæði 1. mgr. 103. gr. og 104. gr. sömu laga.

Virðingarfyllst,  
SEÐLABANKI ÍSLANDS

  
Arnór Síghvatsson  
aðstoðarsedlabankastjóri

  
Ingibjörg Guðbjartsdóttir  
frkvæfj. gjaldeyriseftirlits

#### Fylgiskjöl:

1. Upplýsingar frá Creditinfo um hlutafélagapáttöku Þorsteins Más Baldvinssonar
2. Upplýsingar frá Creditinfo um hlutafélagapáttöku Kristjáns V. Vilhelmssonar
3. Upplýsingar frá Creditinfo um hlutafélagapáttöku Sigursteins Ingvarssonar
4. Upplýsingar frá Creditinfo um félagið Íslandslax hf.
5. Upplýsingar frá Creditinfo um félagið Kaldbak ehf.
6. Upplýsingar frá Creditinfo um félagið LNS ehf.
7. Upplýsingar frá Creditinfo um félagið Útgerðarfélag Akureyringa ehf.
8. Upplýsingar frá Creditinfo um félagið Sigurafl ehf.
9. Upplýsingar frá Creditinfo um félagið Krossanes ehf.
10. Upplýsingar frá Creditinfo um félagið Eignarhaldsfélagið Stein ehf.
11. Upplýsingar frá Creditinfo um félagið Polaris Seafood ehf.

SEÐLABANKI ÍSLANDS

12. Upplýsingar frá Creditinfo um félagið Fjárfestingafélagið Fjörð ehf.
13. Upplýsingar frá Creditinfo um félagið Reykfisk ehf.
14. Upplýsingar frá Creditinfo um félagið Snæfell ehf.
15. Upplýsingar frá Creditinfo um félagið Íslandsbleikju ehf.
16. Upplýsingar frá Creditinfo um félagið Silfurstjórnuna hf.
17. Upplýsingar frá Creditinfo um félagið Axel ehf.
18. Upplýsingar frá Creditinfo um félagið Oddeyri ehf.
19. Upplýsingar frá Creditinfo um félagið N.Hansen ehf.
20. Upplýsingar frá Creditinfo um Hjalteyrin, útgerðarfélag ehf.
21. Upplýsingar frá Creditinfo um félagið Ice Fresh Seafood ehf.
22. Upplýsingar frá Creditinfo um félagið Snæfell ehf.
23. Upplýsingar frá Creditinfo um félagið Samherja ehf.
24. Upplýsingar úr útflutningsskýrslum fyrir heilan karfa tímabilið október til desember 2011, annars vegar fyrir Samherja hf. og hins vegar aðra útflytjendur.
25. Upplýsingar frá Seðlabanka Íslands varðandi meðalgengi mánaðanna október til desember 2011.
26. Bréf frá Samherja hf. til Verðlagsstofu skiptaverðs.